

Inngangur

Leiðbeiningarnar tengjast vinnulýsingu **VLÝ-034** Innflutningur dýraafurða frá 3ju ríkum og skal nota til hliðsjónar við útfyllingu Gátlista 1&2 (**GAT-004**).

Leiðbeiningarnar innihalda upplýsingar um landalista, ýmsar takmarkanir og öryggisráðstafanir (safeguard measures) sem eru í gildi varðandi innflutning dýraafurða:

- Heilbrigðisvottorð 3ju ríkja og undirskriftir eftirlitsmanna
- Landalistar - hvaða ríki og landshlutar hafa leyfi til innflutnings
- Vörutegundir sem eru leyfðar (með tollskránúmerum)
- Skrá yfir samþykktar starfsstöðvar
- Aðrar takmarkanir á innflutningi dýraafurða skv. ákvörðunum ESB
- Hvaða lönd eru með viðurkenndar efnaleifaáætlanir (gildir um dýraafurðir, aðrar en villta fiska)

Safnmappa

Safnmappa landamæraeftirlitsstöðva inniheldur upplýsingar um eftirlit og takmarkanir á innflutningi dýraafurða. **Nýjar upplýsingar** eru vaktaðar og sendar starsfólki landamæraeftirlitsstöðva með tölvupósti, með þeim hætti sem lýst er í **VLÝ-086** og **LBE-030**.

Heilbrigðisvottorð

Flipi 2 í Safnmöppu:

- Sýnishorn af heilbrigðisvottorðum fyrir dýraafurðir til innflutnings á EES/ESB
- Útlit heilbrigðisvottorða frá einstökum ríkjum
- Undirskriftir eftirlitsmanna frá einstökum ríkjum
- Ríki sem senda lista yfir útgefin heilbrigðisvottorð (t.d. S-Kórea og Víetnam)

Í **TRACES**, undir flipanum; Veterinary certificate to EU, má finna sýnishorn af öllum gerðum að heilbrigðisvottorðum fyrir dýraafurðir til innflutnings á EES/ESB.

Kröfur til upprunals – landalistar

Flipi 6 í Safnmöppu. Innflutningur á dýraafurðum frá ríkjum utan EES er háður því að ríkið sem afurðirnar koma frá, sé skráð á lista yfir viðurkennd upprunaríki. Listarnir eru kallaðir landalistar og eru mismunandi afurðir birtir í mismunandi gerðum.

Kjöt og kjötafurðir

- Unnar kjötafurðir: **Ákvörðun 2007/777/EC**
- Nautgripir, sauðfé, geitur, svín, villt veiðidýr úr hópi hófdýra, alin veiðidýr úr hópi klaufdýra, alin villisvín og villisvín: **Reglugerð (EU) nr. 206/2010**
- Alifuglar, strútfuglar og aldir og villtir veiðifuglar: **Reglugerð (EC) nr. 798/2008**
- Önnur alin veiðidýr og kanínur: **Reglugerð (EC) nr. 119/2009**

Mjólk og mjólkurafurðir: Reglugerð (EU) nr. 605/2010

Eggjaafurðir: Viðauki 1 í reglugerð (EC) nr. 798/2008

Hunang: Enginn landalisti, en krafa er um að viðeigandi afurð sé skráð í **ákvörðun 2011/163/EU** yfir ríki með viðurkenndar efnaleifaáætlanir.

Fiskafurðir: Ákvörðun (EU) 2019/626:

 Icelandic Food and Veterinary Authority	
SAFNMAPPA	
1. Tölur	
2. Heilbrigðisvottorð	
3. Landamærastöðvar ESB	
4. Landamærastöðvar Íslands og Noregs	
5. Geymslur	
6. Landalistar	
7. Traces	
8. Vörur sem skal skoða	
9. Öryggisráðstafanir	
10. Eftirlitsáætlun	
11. Vörunúmer/ tollkóðar	
12. Vöru hafnað	
13. Tengiliðir	
14. Samningar	
15. Starfsstöðvar	
16. Ýmislegt	
17. CITES	
INNFLUTNINGSEFTIRLIT	

- Viðauki I: Samlokur (bivale molluscs), skrápdyr (echinoderms), möttuldýr (tunicates) og sæsniglar (marine gastropods): *Landalistakrafan gildir ekki fyrir hreinan vöðva af villtum hörpuskelfiski (pecinidae).*
- Viðauki II: Fiskafurðir aðrar en þær sem eru tilgreindar í viðauka I.

Fiskeldisafurðir og -lagareldisdýr: Reglugerð (EC) nr. [1251/2008](#)

Aukaafurðir dýra: Ofangreindar skrár yfir viðurkennd ríki, gilda einnig um aukaafurðir úr viðeigandi dýrategundum til innflutnings frá löndum utan EES.

Allar gerðir má finna á heimasíðu Eurolex: <http://eur-lex.europa.eu/homepage.html>

Ákvæði um landalista má finna í greinum 125.-127. reglugerðar [EU 2017/625](#) (íslensk reglugerð nr. [234/2020](#)) um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis. Sjá einnig hliðsjónarákvæði (36) til (39) í reglugerð [EC 142/2011](#) (aukaafurðir dýra).

Reglugerðir og aðrar gerðir um landalista falla undir einfaldar birtingar á EES-gerðum, eða „simplified procedure“ ferlið, þannig að innleiðingarreglugerð verði á íslensku en síðan verði ESB-gerðin birt á ensku. Birting á ensku með þessum hætti er heimil samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. [15/2005](#) um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Ákvæðið segir: "Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunnar sinnar eða annarrar sérhæfingar."

Vörutegundir

Flipi 8 í Safnmöppu. **Ákvörðun [2007/275/EC](#)** er með lista yfir vörur af dýrauppruna sem á að skoða á landmærastöðvum.

Öryggisráðstafanir

Flipi 9 í Safnmöppu. Ýmis ákvæði skv. ákvæðunum ESB um sérkröfur, t.d. varðandi tíðni sýnatöku eða jafnvel banss á innflutningi á sérstökum afurðum frá ákveðnum löndum (Special import conditions). Sjá einnig á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB:

http://ec.europa.eu/food/safety/international_affairs/trade/index_en.htm

http://ec.europa.eu/food/animal/bips/special_imports_en.htm

Ríki með viðurkenndar áætlanir yfir efnaleifar og aðskotaefni

Flipi 9 í Safnmöppu. Matvæli af dýrauppruna, önnur en villtan fisk er eingöngu heimilt að flytja inn frá ríkjum sem hafa viðurkenndar efnaleifaáætlanir skv. **ákvörðun [2011/163/EU](#)** (Ísl. reglugerð nr. [30/2012](#)).

Ef matvæli innihalda dýraafurðir, er gerð krafa um að upprunaland afurðanna hafi viðurkennda efnaleifaáætlun. Þetta gildir um:

1. Kjöt og kjötafurðir af dýrum eins og nautgripum (bovine), alifuglum (poultry), sauðfé og geitum (ovine/caprine), kaninum (rabbit), svínnum (porcine), villtum veiðidýrum (wild game), öldum veiðidýrum (farmed game) og hestum (equine).
2. Fiskafurðum úr eldisfiski (fyrir utan samlokur)
3. Mjól og mjólkurafurðir
4. Egg og eggjaafurðir
5. Hunang

Krafan um viðurkenndar efnaleifaáætlanir gildir líka um samsettar dýraafurðir.

Samþykktar starfsstöðvar

Flipi 15 í Safnmöppu. Meginreglan er að innflutningur er eingöngu heimill á dýraafurðum sem framleiddar eru í samþykktum starfsstöðvum, skv. lista ESB:

http://ec.europa.eu/food/safety/international_affairs/trade/non-eu-countries_en

Nokkrar undantekningar eru á kröfunni um að afurðir skuli framleiddar í samþykktum starfsstöðvum, t.d. samsettar matvörur, hunang o.fl. Sjá nánar í Safnmöppu **Flipi 8** eru teknar saman upplýsingar um einstaka vörutegundir og innflutningskröfur þeirra.

Heimildir

Commission decision [\(EC\) 275/2007](#) concerning lists of animals and products to be subject to controls at border inspection posts.

Commission decision [\(EC\) 2007/777](#) laying down the animal and public health conditions and model certificates for imports of certain meat products and treated stomachs, bladders and intestines for human consumption from third countries.

Commission Decision [\(EU\) 2011/163](#) on the approval of plans submitted by third countries in accordance with article 29 of Council Directive 96/23/EC.

Commission Regulation [\(EC\) 798/2008](#) laying down a list of third countries, territories, zones or compartments from which poultry and poultry products may be imported into and transit through the Community and the veterinary certification requirements.

Commission Regulation [\(EC\) 1251/2008](#) regards conditions and certification requirements for the placing on the market and the import into the Community of aquaculture animals and products thereof and laying down a list of vector species.

Commission Regulation [\(EC\) 119/2009](#) laying down a list of third countries or parts thereof, for imports into, or transit through, the Community of meat of wild leporidae, of certain wild land mammals and of farmed rabbits and the veterinary certification requirements.

Commission Regulation [\(EU\) 206/2010](#) laying down lists of third countries, territories or parts thereof authorised for the introduction into the European Union of certain animals and fresh meat and the veterinary certification requirements.

Commission Regulation [\(EU\) 605/2010](#) laying down animal and public health and veterinary certification conditions for the introduction into the European Union of raw milk, dairy products, colostrum and colostrum-based products intended for human consumption.

Regulation [\(EU\) 2019/626](#) concerning lists of third countries or regions thereof authorised for the entry into the European Union of certain animals and goods intended for human consumption.

Commission regulation [\(EU\) 142/2011](#) laying down health rules as regards animal by-products and derived products not intended for human consumption.

Reglugerð [\(EU\) 2017/625](#) um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvælum, fóðri o.fl. Innleidd héraendis með reglugerð [nr. 234/2020](#).

Íslensk lög nr. [15/2005](#) um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.